

Framúrstefna frá Frans

Nú þegar myndverk „viðurkendra“ listamanna, lífs sem liðinna, ganga kaupum og sölum fyrir himinháar upphæðir, eiga lítil og félítill listasöfn augljóslega undir högg að sækja.

Þau hafa hvorki efni á að koma sér upp heillegu safni af myndlist frumherjanna, né heldur af úrvalsverkum samtímalistamanna.

Falla þau þá stundum í þá gryfju að festa kaup á nöfnum fremur en verkum, það er, annars flokks myndum eftir „viðurkendra“ listamenn sem faltar eru við skikkalegu verði.

Með þessum hætti hyggjast minni söfnin ná utan um allan þróunarferil nútíma listasögu, en sitja á endanum uppi með fremur hroðvirknislegt ágríp af henni.

Það er alls ekki útilokað fyrir lítil og félítill listasöfn, en í þeim flokki eru allar safnastofnanir hér uppi á Íslandi, að verða sér úti um myndverk eftir marga helstu listamenn vorra tíma, sníði þau sér stakk eftir vexti.

Það gera söfnin með markvissri sérhæfingu, til að mynda með því að safna teikningum, grafíkmyndum og fjölvum þessara listamanna, sem í flestum tilfellum gefa eins góða mynd - ef ekki betri - af hugsunarhætti þeirra og vinnubrögðum eins og viðameiri og eftirsóttari verk þeirra.

Það eru ekki nema tuttugu ár síðan ég hefði getað keypt úrvals grafíkmynd eftir David Hockney fyrir þriðjung af mánaðarlaunum mínum og fjögurra mánaða verkamannaalaun mín hefðu nægt til að festa kaup á litlum skúlptúr eftir Anthony Caro.

Voru umræddir listamenn þó farnir að fá smjörþefinn af frægðinni.

Góð kaup

Í þá tíð gátu glöggir menn einnig gert góð kaup í grafík gamla meistara. Sjálfur var ég ekki tiltakanlega glöggur en gat þó komist yfir tréskurðarmyndir eftir einn af minni spámönnum ukiyo-e tímabilsins í Japan og litlar koparstungur, þrykktar eftir „original“ plötum Rembrandts.

Nú halda menn ef til vill að ekki sé lengur hægt að komast yfir markverða myndlist á góðu verði. En það er öðru nær.

Fyrir rúmu ári síðan afhenti þýska listatímaritið ART þremur listáhugamönnum 5000 þýsk mörk á mann - 150.000 ísl. krónur á núvirði - og það þá nota peningana til að kaupa eins mörg listaverk frá eins löngu tímabili og þeir gætu.

Bestu kaupin gerði Carl Vogel, forstöðumaður Listaháskólans í Hamborg, sem komst yfir 23 myndverk, aðallega grafík og ljósmyndir.

Þar á meðal voru verk eftir Gottfried Brockmann, Alfred Kubin, Marcel Gromaire (2 stk.), Lovis Corinth, Joseph Beuys, George Brecht, Ben Vautier, Christo, Fischli & Weiss, Sol le Witt og Michel Seuphor. Allt fyrir 150.000 íslenskar krónur.

Vilji lítil listasöfn endilega eignast stærri listaverk eftir útlenda listamenn, geta þau einnig reynt að veðja á ungt fólk á uppleið, liststefnur sem ekki eru lengur í tísku meðal fjárfestingaraðalsins, eða listamenn sem ekki hafa verið í sviðsljósinu um nokkurt skeið. Sérhæfð söfnun af þessu tæi útheimtir hins vegar mikla þekkingu, útsjónarsemi og ferðavilja.

Sjálfdáemi safnstjóra

Tílefni þessa langa formála er einmitt sýning Kjarvalsstaða á nútímaverkum sem lítið sveitasafn í Frans, Épinal safnið, hefur komið sér upp á undanförunum sjö árum.

Eftir að þetta safn fór að fá reglulega styrki til listaverkakaupa frá



Tony Cragg: S, 1984



Wolf Vostell: Grosse Sitzung mit da, 1961
DV-myndir JAK



Richard Long: Sumarhringur, 1987

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

franska ríkinu varð það að móta sér stefnu í þeim málum.

Þar í sveit fóru menn þá óvenjulegu leið að veita safnstjóranum, Bernard Huin, sjálfdáemi til kaupa á listaverkum.

Hann hófst handa við að kaupa þá myndlist sem höfðaði mest til hans, mestmegnis verk í anda ítölsku vanefnastefnunnar (Arte Povera), alþjóðlegrar naumhyggju (minimalisma), svo og ýmiss konar utan flokka afbrigði þeirra.

Til skamms tíma hefur myndlist í þessum dūr verið á viðráðanlegu verði á alþjóðlegum mörkuðum. Þess vegna hefur Huin tekist að næla sér í nokkur ágæt verk eftir Long, Cragg, Merz, Flavín, Kosuth, Stella og fleiri, sem flest njóta sín

þrýðis vel í vestursal Kjarvalsstaða.

Sérstaklega er gaman að fá staðfest í eitt skipti fyrir öll hve sterk áhrif ítalska vanefnastefnan hafði á nokkra íslenska Súmera hér á árum áður, sjá notkun þeirra á heysátum, flúrljósum og tuskum.

Ljósár milli listamanna

Ég get ekki neitað því að það er stundum dældið erfitt að botna í þankagangi Huins, eins og hann birtist í listaverkakaupum hans.

Lítill „Arp-leg“ lágmynd eftir Richard Tuttle virðist til dæmis keypt út á nafn höfundar, svo mjög er hún á skjön bæði við önnur verk hans og afganginn af sýningunni.

Merkingarlega séð eru einnig ljósár á milli strendings eftir Judd og veggjarrifildis Wolfs Vostell.

Það þarf líka góðan vilja til að kaupa myndröð eftir Warhol eingöngu út á innbyggða naumhyggju hennar en horfa framhjá yfirþyrmandi skírskotun hennar í

neyslumeninguna.

Líka er sérkennilegt, kannski djarft, af Huin að kaupa erótíska ljósmynd Helmut Newton af nakinni kjarnakonu sem „skúlptúr“. Sú ráðstöfun vekur hins vegar upp fleiri spurningar en hún svarar.

Kannski er best að gera sér ekki rellu út af meintu samhengi eða samhengisleysi á þessari sýningu, heldur ganga fordómalaust til móts við hvert einstakt verk. Eða eins og Huin segir í sýningarskrá: „Eina samhengið er listin“.

Og þá er maður auðvitað misjafnlega sáttur við það sem þessi verk segja manni - eða segja ekki.

Virk og óvirk verk

Mörg þeirra eru mjög lifandi og virk, til að mynda verk Jennýjar Holzer, Stella, Craggs, Longs og Flavíns, önnur eru meira en lítið privat en þó nærverugóð, sjá verk Merz, Zorio og Buthe, enn önnur, til dæmis verk Andres og Judds, virka ekki vegna staðsetningar

sinnar.

Verk Andres fer halloka fyrir tímurgólfinu að Kjarvalsstöðum, en strendingur Judds verður enn eitt fórnarlamb loftsins fræga.

Svo eru þarna verk eftir listamenn sem ég hef aldrei skilið, en það er mitt vandamál. Hér á ég meðal annars við verk þeirra Gilberts & George.

Meðal annarra orða, hvað varð um verk Roberts Morris, sem sagt er að sé á sýningunni?

Vissulega er fengur að þessari sýningu fyrir alla þá sem fengið hafa nasasjón af því sem gerst hefur í nútímalistum undanfarna tvo áratugi.

En þorri sýningargesta þarf sennilega á ritaðri eða munnlegri leiðsögn að halda um þau „hættusvæði“ sem hér eru opnuð til skoðunar, svo vitnað sé í orð Bernards Huin.